



9. stjórnarfundur LH 10. október 2013

Haldinn í höfuðstöðvum ÍSÍ í Laugardal

Mættir, aðalmenn: Sigurður Ævarsson, Þorvarður Helgason, Andrea Þorvaldsdóttir, Erla Guðný Gylfadóttir, Sigrún Þórðardóttir, Oddur Hafsteinsson og Haraldur Þórarinsson.

Mættir, varamenn: Stefán G. Ármannsson.

1. **Fundargerð 8. fundar:** Rætt um að fella út upphæðir. Samþykkt.
2. **Formannafundur:** Rætt um dagskrá formannafundar. Samþykkt að fá Viðar Halldórsson félagsfræðing með 90 mínútna fyrirlestur og verkefni sem taki ca. einn og hálfan tíma þar sem unnið er meðal annars með aga og virðingu innan félagskerfis okkar hestamanna. Þá verði rætt um ímynd hestamenskunnar, nýliðun, krakkaklúbba, kostnað og leiðir til að fjölga iðkendum í félögunum.
3. **59. Landsþing LH:** Borist höfðu umsóknir frá Sindra, Sleipnir og Stíganda. Samþykkt var að taka boði Sleipnis og vera á Selfossi. Stefnt er á helgina 17. – 18. október 2014.
4. **Landsmót hestamanna ehf.- aðalfundur:** Samþykkt að Haraldur Þórarinsson fari með umboð LH á aðalfundi Landsmóts hestamanna ehf.
5. **Önnur mál:**
 - a. **Uppskeruhátíð:** Samningur liggur fyrir um hana og undirbúningur hafinn.
 - b. **Hugmynd um ný verðlaun á Uppskeruhátíð:** Erindi frá Eiðföxa, erindinu hafnað þar sem LH er með sambærileg verðlaun á uppskeruhátíð sinni – Heiðursverðlaun LH.
 - c. **Velferðarmál:** Rætt um velferðarmál og farið yfir sumarið. Ákveðið að óska eftir fundi með yfirdýralækni til að ræða verkferla í sambandi við dýralæknaskoðun á hrossum í kringum keppni.
 - d. **Fundaplan stjórnar kynnt:** Ákveðið að stjórnarmenn skoði það betur og það svo rætt á næsta fundi. Sú hugmynd rædd að ef fresta þurfi fundi falli hann niður til næsta fundar. Ef afgreiða þarf mál sem eru áriðandi verði tekin símafundur til þess.
 - e. **Mótaraðir:** Skrifstofu falið að boða til fundar um mótaraðir í hverjum landshluta.
 - f. **Boð um Landsmótsstað:** Bréf hefur borist frá Hestamannafélaginu Spretti þar sem það býður Kjóavelli, nýtt keppnissvæði sitt undir Landsmót hestamanna 2016.
 - g. **FEIF Aðalfundur á Íslandi 2014:** Rætt um aðalfundinn. Skrifstofa vinni að honum í samstarfi við starfsmann FEIF. Sigurður Ævarsson, Erla Guðný Gylfadóttir og Þorvaldur Helgason komi með hugmyndir að dagskrá fyrir þátttakendur á þessum fundi.
 - h. **Hestadagar:** Rætt um að hestamannafélögin skipi fulltrúa í undirbúningsnefnd fyrir Hestadaga 2014. Málið verði rætt á formannafundi.
 - i. **Rætt um dómarafund og próf á Kronshof:** Stjórn samþykkir að skoða það mál betur en óánægja hefur komið upp í kjölfar þessa námskeiðs – prófs.

*Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið.
Ritað af Haraldi Þórarinssyni.*